



ORKUSTOFNUN

Upphaf Skeiðarárhlaups í nóvember 1996

Páll Jónsson

Greinargerð PJ-96-01



Upphof Skeiðarárhlaups í nóvember 1996

Priðjudaginn 12. nóvember 1996 settust þeir vatnamælingamenn, sem voru staddir í Freysnesi í upphafi Skeiðarárhlaups 5. nóvember 1996, á fund þar sem þeir rifjuðu upp og skráðu upphaf hlaupsins, eins og þeir upplifðu það. Eftirfarandi er samantekt á þeim samræðum, sem fram fóru á fundinum:

Raunvínsindastofnun Háskóla Íslands (RHÍ) hringdi í Vatnamælingar í Freysnesi milli kl. 22:00 og 22:30, þann 4. nóvember 1996 og létt vita að órói væri á skjálftamælum á Grímsfjalli. Vatnamælingamenn, sem staddir voru í Freysnesi þá, voru Arni Snorrason (ÁSn), Oddur Sigurðsson (OSig), Páll Jónsson (PJ) og Ásgeir Gunnarsson (ÁG) og var ákveðið að vera á vaktinni fram eftir nóttau. Klukkan 02:30 fóru ÁSn og OSig á varnagarðana undir Skaftafellsbrekkum og PJ og ÁG fóru niður á Skeiðarárbrú til að kanna hvort farið væri að vaxa í ánni. Ekki sáust nein ummerki þess. Tekið var sýni til leiðnimælingar og skipt var um rafhlöðu í þrýstiskynjara við Skeiðarárbrú. Aftur var haft samband við skjálfavaktina u.p.b. klukkan 04:00, og var ástandið enn óbreytt. Ákveðið var að leggjast til hvílu og vakna fyrir kl. 7 daginn eftir.

Priðjudaginn 5. nóvember 1996 klukkan 06:40 vaknar OSig og vekur hina. OSig hringir í RHÍ og talar við Bryndísi Brandsdóttur, en hún segir að óróinn hafi haldið áfram alla nóttna og líkist frekar gosóróa en óróa vegna jökulhlaups. Klukkan 7:10 fara ÁSn og OSig út á sand og keyra yfir sandinn eins og vant er, en PJ og ÁG bíða átekta í Freysnesi. ÁSn og OSig dvelst nokkuð lengur á Skeiðarárbrú, á vesturleið, en venjulega, þar sem þeir voru nokkra stund að átta sig á að án væri að líkindum byrjuð að vaxa örliðið. Aðalmerki þess var að vatn flæddi aðeins upp á ísskör við annan stöpul vestan landstöpuls að austanverðu (stöpull við 100 m merki VM). Ekki var eins auðvelt að sjá vöxt í vestari áli Skeiðarár, en þó sýndist þeim að þar vatnaði aðeins upp á skarir. Engan hlaupvatnslit var að sjá á ánni.

Klukkan 07:40 mættu þeir Reyni Ragnarssyni (RR) löggreglumannni í Vík, en hann var staddir við Gígjukvísl. Hann var þá í símasambandi við fréttamenn. Hann fær upplýsingar um að vatnamælingamönnum finnist að aðeins hafi vaxið í Skeiðará, en að ekki sé sjáanlegur hlauplitr á ánni, og kemur hann þessum upplýsingum strax á framfæri við fréttamenn. Reynir er þá búinn að opna veginn að vestanverðu og beið þar a.m.k. einn flutningabill eftir leyfi hans til að fara yfir sandinn. Að höfðu samráði við vatnamælingamenn er ákveðið að hann opni veginn að austanverðu og hleypi yfir þeim flutningabílum, sem bíða. Engan vöxt var að sjá á Gígjukvísl og Núpsvötnum, og Sæluhúsakvísl var alveg þurr sem áður.

Klukkan 07:50 var hringt í Rögnvald Gunnarsson (RG) hjá Vegagerðinni og hann látt inn vita af stöðu mála. Síðan keyra ÁSn og OSig tilbaka yfir sandinn og hafa samband við PJ og ÁG og ákveðið er að hittast við Skeiðarárbrú. Klukkan 8:10 hittast allir fjórir á brúnni og er farið að undirbúa rennslismælingu. Þá sýnist vera kominn hlauplitr á ána og greinilega er farið að vatna yfir skarir að neðanverðu við brúna í austasta stöplabili. ÁG fer á öðrum bílum upp í Skaftafellsbrekkur og kemur upp í Hæðir

klukkan 8:25, og er hann í talstöðvarsambandi við vatnamælingamenn á brúnni. Sér hann að áin er orðin allmikil fyrir neðan brekkurnar og komnir nokkrir jakar í farveginn. Þessum upplýsingum miðlar hann til manna niður á brú.

Klukkan 8:15 er aftur hringt í RG og hann láttinn vita að komið sé hlaupvatn í ána. Rennslismæling hefst klukkan 8:20 og er austurállinn mældur eðlilega. Skömmu eftir að mæling hefst er hringt í Guðrúnú Æyjólfssdóttur frá RÚV. Er henni sagt að hlaup sé hafið og nær hún að koma því í fréttayfirlit kl. 8:30. Einnig hefur ÁSn samband við Jón Ólafsson hjá Hafró og lætur hann vita af upphafi hlaups.

ÁG segir að Stefán Benediktsson (SB) þjóðgarðsvörður, hafi komið út á hlaðið í Hæðum kl. 8:30 og bent á dökka rönd uppi á Skeiðarárjökli, sem hann hafi ekki séð áður, og sýnist honum vatn renna niður jökulinn. Þessum upplýsingum er einnig miðlað gegnum talstöð niður á brú.

Dýptarmæling í vestari áli Skeiðarár fer fram með eðlilegum hætti og snýr ÁSn bílnum við á meðan OSig og PJ mæla yfirborðshraðann. Gekk það eðlilega, þangað til eftir á að mæla á tveimur stöðum, en þá kemur ÁSn út úr bílum og hrópar: "Sjáið þið strákar. Bylgjan er að koma". Þá hafði ÁG einnig haft samband og látið vita að mikill vöxtur væri í ánni, einkum vestan til. ÁSn lætur OSig fá myndavél og segir honum að taka myndir, þrátt fyrir að OSig vilji fyrst klára mælingu. ÁSn hyggst aðstoða PJ við að klára mælinguna, en strax verður ljóst að ekki er hægt að mæla meira, þar sem fyrsta spýjan með ís og krapa er þá komin undir brúna að vestanverðu og sandurinn allur orðinn iðandi af vatni alla leið til austurs. Rekmælitækið er tekið upp og gengið frá því. Klukkan er þá nálægt 8:50 og fóru allir fljótlega inn í bíl og keyrðu austur yfir brúna.

ÁSn hringir enn í RG og lætur kalla hann af fundi, til þess að segja honum að mjög snöggt stórhlaup sé hafið. ÁSn skiptir talstöð yfir á rás 4 og kallar lögregluna í Vík (RR) en hann svarar ekki og virðist enginn vera á rásinni. Síðar kom í ljós að RR var staddur í kaffi í Freysnesi og hafði lögreglan að lokum upp á honum gegnum símann í Hótel Skaftafelli, þar sem hann var ekki með talstöð með sér inni, og tilkynnti honum að búið væri að loka sandinum.

Klukkan 8:55 hringir Sigurður Reynir Gíslason (SRG) í ÁSn og biður ÁSn hann að hafa strax samband við Almannavarnir, þar sem ekki náist í RR. Þá er bíllinn kominn að austurenda brúarinnar. Fóru OSig og PJ út og tóku myndir af vextinum í ánni og fylgdust með og tóku álestra á hælum við austurenda brúarinnar kl. ca. 9:00, 9:10, 9:17 og 9:20. Einhvern tíma á því tímabili kom RR lokums og þeysti yfir brúna, þrátt fyrir að ÁSn hafi ítrekað varað hann við því og sagt að það væri óðs manns æði að keyra yfir sandinn. Lét ÁSn vita um fór RR yfir sandinn, þegar hann komst í samband við fund Almannavarna í Reykjavík. Einnig kom SB að brúarendanum á þessu tímabili, en stoppaði stutt við. Klukkan 9:25 tóku OSig og PJ sýni til efnagreiningar í tvær aurburðarflöskur og var síðan keyrt austur frá brúnni.

Á leið austur var stoppað nokkrum sinnum og teknar myndir af því þegar vatnið fór að flæða yfir varnargarðana austan brúar. ÁSn var í stöðugu síma- og talstöðvarsambandi allan tímamann. Að lokum var svæðið yfirgefið, þegar u.p.b. fet vantaði upp á að vatnaði á veginn og voru allir komnir upp í Hæðir rétt fyrir klukkan 10.